


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindabjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 861 7360 - 891 8260 - sraf.is

Hafrekið sprek á annarlegri strönd

Elín Agla Briem



„Það er sárt að horfa yfir sviðið, að sjá hvernig þessar smærri byggðir, jaðarbyggðimar eru að hverfa og ég er algerlega mótfallin þeirri skýringu að þetta sé nánast náttúruleg málmál. Að svona byggðir beri sig bara ekki og svo er stundum hnýtt við að það þurfi bara að malbika og þá flytji allir burt.

— sjá bls. 6 – 9.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 18. febrúar 2016 · 7. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Mynd: Matthildur Helga- og Jónudóttir.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*

MILLJARÐUR ÞÍSS

19. FEB. KL 11:45

UN WOMEN

MÆTUM! DÖNSUM! KREFJUMST!

sónar 2016 Reykjavík

Dansbylting í Stjórnsýsluhúsinu föstudaginn 19. febrúar kl. 11.45 í boði UN Women á Íslandi

Aldrei hafa fleiri konur verið á flótta frá því við lok seinni heimstyrjaldar. Þær eru sérstaklega berskjaldaðar fyrir kynbundnu ofbeldi, mansali og kynlífsþrælkun.

Í ár tileinkum við dansinum konum á flótta sem leggja líf sitt að veði í leit að öruggara lífi fyrir sig og börn sín

Allir eru hjartanlega velkomnir í Stjórnsýsluhúsið þann 19. febrúar stundvíslega kl. 11.45 til að taka þátt í dansbyltingu!

Byltingin er haldin um allan heim og með samtakamætti lætur heimsbyggðin til sín taka. Yfir milljarður karlanna, kvenna og barna kemur saman til að dansa fyrir réttlæti, fyrir heimi þar sem allir fá að njóta sömu tækifæra. Okkar trú er sú að það sem sameinar okkur er sterkara en það sem sundrar okkur.

Í fjórða sinn ætlum við að sam-

einast fyrir hugrökkum konum um allan heim sem berjast gegn mótlæti, óréttlæti og misbeitingu í daglegu lífi. Við ætlum að veita þeim samstöðu og dansa af krafti.

Hátt í 10 þúsund hafa komið saman um land allt síðastliðin fjögur ár og fylkt liði á dansgölf landsins. Í ár verður dansað í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði, Seyðisfirði, Reykjanesbæ, Neskaupsstað og á Höfn í Hornafirði. Í ár þússum við dansskóna enn betur!

UN Women hvetur alla til að rísa upp gegn óréttlæti heimsins fyrir heimi án ofbeldis og mæta með Fokk ofbeldi húfuna í dansinn, bera hana með stolti og vekja um leið fólk til vitundar um ofbeldið og óöryggið sem konur á flótta og börn þeirra búa við um þessar mundir.

Hægt er að kaupa Fokk ofbeldi húfu á 3.900 kr. í verslunum Eymundsson um land allt. UN Women á Íslandi hvetur alla til að næla sér í húfu og gefa um leið ofbeldi fingurinn.

Eins skorar UN Women á Íslandi á vinnustaði, skóla og vinahópa til að mæta og taka þátt í byltingunni með dansinn að vopni.

Ekki missa af stærstu dansveislu heims!

Aðgangur ókeypis
Myllumerkið er #milljardur-is16 og #fokkofbeldi

Konur á flótta þurfa vernd og öryggi

- Aldrei hafa fleiri konur verið á flótta frá því við lok seinni heimstyrjaldar.
- Um 500 þúsund konur og börn flýja nú heimalönd sín og leggja leið sína til Evrópu
- Talið er að 12% kvenna sem ferðast yfir Miðjarðarhafið séu með barni
- Gríðarleg aukning hefur orðið á mæðradauða síðan flóttamannastraumurinn hófst
- Konur og stúlkur á flótta eiga í stöðugri hættu á að vera beittar ofbeldi, kynferðislegri misnotkun eða mansali

FÁNASMÍÐJAN STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Fánasmiðjan ehf. Ísafirði
óskar eftir að ráða starfsmann til framleiðslu á fánum, límmiðum og fleiri skyldum vörum.

Um er að ræða fjölbreytt starf og nauðsynlegt að umsækjandi sé metnaðarfullur og geti unnið sjálfstætt. Skilyrði er að umsækjandi hafi sæmilega tölvukunnáttu og góða þjónustulund.

Ekki er nauðsynlegt að hafa reynslu í silkiprentun, aðeins áhuga á að læra og þor til að prófa sig áfram.

Aðrar hæfniskröfur : Metnaður - Frumkvæði - Stundvísi - Geta til að vinna sjálfstætt

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu Fánasmiðjunnar í síma: 577 2020 fyrir 1.mars

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

Háls- nef- og eyrna-læknir á Ísafirði

Ólafur Guðmundsson Háls- nef- og eyrna-læknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 24. – 26. febrúar.

Tímarpantanir í síma 450 4500, á milli kl. 08.00 og 16.00 alla virka daga.

– Sjónarmið –



Inga María Guðmundsdóttir

Syndugir sjúklingar

Sögupersónur í þessari tilbúni dæmisögu eru Óli og Siggí. Óli er 38 ára fjölskyldumaður, gamall skáti, núverandi björgunarsveitarmaður og áhugamaður um útivist, hreyfingu og samveru með fjölskyldunni. Þessi áhugamál sameinar hann gjarnan þegar fjölskyldan fer í langa göngutúra með hundinn, hann Snata, sem þau ættleiddu hjá Dýrahjálpi Íslands. Þegar atvikið sem hér er til umfjöllunar, átti sér stað voru þeir Snati á leið heim eftir góðan göngutúr, og Óli hlakkaði til að eiga notalegt föstudagskvöld með fjölskyldunni.

Siggí er fermingarbróðir Óla og gamall skólafélagi en síðustu áratugina hafa þeir ekki rekist mikið hvor á annan, ekki fyrr en þeir rákust bókstaflega saman á bílastæðinu fyrir framán Vínubúðina, fimm mínútur í sjó á föstudagskvöldi. Ekki er gott að segja hvor þeirra varð valdur að árekstrinum, Snati hefur kannski kipt heldur mikið í húsbónda sinn á svelliinu og Siggí skautað einbeittur

á blankskónum af öllum sínum þunga, með það markmið að ná í Ríkið fyrir lokun. Að kaupa bjór með snakkinu var Siggí efst í huga þar sem hann hljóp-skautaði yfir bílastæðið með hálfreykta sígarettu í annarri hendinni og síðasta pulsbitann í hinni. Og þá skulu þeir saman!

Byltan var slæm og það þurfti sjúkrahús til að koma Siggí og Óla undir læknishendur. Það er bara einn læknir á vakt og þá er það hin stóra spurning um forgang. Hvor þeirra á rétt á að fá aðhlyningu fyrst og hvor þarf að bíða?

Nú veit ég nákvæmlega ekki neitt um forgangsstöðun sjúklinga á bráðadeildum sjúkrahúsa, en ég myndi giska á að best sé að huga fyrst að þeim sem væri meira slasaður – er það ekki? Æ, ég viðurkenni að þetta var nú svolítið kvikindislega uppsett hjá mér. Fer mörgum orðum um hvað Óli er mikill fyrirmyndarborgari og gef í skyn að Siggí hugsí fyrst og fremst um lífsins nautnir, og sé kannski ekki alltaf sá ábyrguasti. Eins og það skipti einhverju máli þegar fólk verður veikt eða

slasast og þarf að leita á náðir heilbrigðiskerfisins!

Eða hvað? Skiptir það kannski máli? Manneskja sem lifir lífi sínu eftir öllum ráðleggingum og stöðlum sem yfirvöld gefa út með það að markmiði að minnka líkur á sjúkdómum, á sú manneskja kannski meiri rétt á þjónustu heilbrigðiskerfisins en manneskja sem spáir meira í verð, þægindi eða bragð þegar verslað er í matinn og situr kyrr við tölvuna frá 8–5? Þegar sófakartafan veikist, ætli hún upplifi skömm yfir því að þurfa að nota dýr úrræði heilbrigðiskerfis sem fjölmiðlar segja okkur á hverjum degi að ráði ekki við meira?

Þó að dæmið um Siggí og Óla hafi verið tilbúningur, þá hef ég undanfarin ár heyrt ýmislegt sem segir mér að ekki eru allir sjúklingar jafnir. Ég hef verið á mannátötum þar sem sagðar eru fréttir af fólki og man eftir nokkrum skiptum þar sem frásegjandinn bætir aftan við sjúkrasögu: „En það er nú honum sjálfum að kenna.“ Og svo er gjarnan bætt við í undrun „En hún reykti aldrei og hjólaði

alltaf í vinnuna“ þegar einhver, sem lifað hefur dyggðugu lífi, fær krabbamein.

Ég verð reyndar að viðurkenna að þeir sem vilja skipta sjúklingum í verðuga og óverðuga, minna mig á Lykla-Pétur og Gullna hliðið. Lykla-Pétur stendur við hliðið að himnaríki og passar að syndugir sleppi ekki þangað inn. Lykla-Pétrarheilbrigðiskerfisins vilja sem betur fer ekki senda synduga sjúklinga til helvítis, nei þeir komast inn í heilbrigðiskerfið en með einhvers konar siðferðislegri sjálfsábyrgð „Þetta er nú honum sjálfum að kenna“.

En er þetta ekki bara allt í lagi? Ef það er tölræðileg fylgni milli einhverra þátta í lífi okkar sem við getum stjórnað og því að þurfa meiri og dýrari heilbrigðisþjónustu, á það nokkuð að vera viðkvæmt mál? Sumir eru óheppnir og glíma við veikindi og sjúkdóma þrátt fyrir að hafa lifað frómu lífi. Aðrir hunsa staðla yfirvalda um hollt lífferni og gera hluti sem þeir vita að fylgir hætta. Ef til vill er það bara hið besta mál að minna þá á eigin ábyrgð, það hvetur þá til að

bæta úr ráði sínu og fælir aðra frá að gera sömu mistök.

Það má kannski færa rök fyrir því, sérstaklega í þjóðfélagi sem leggur áherslu á hagkvæmni og hagræðingu. En skiptingin í dyggðuga sjúklinga og synduga virðist ekki alveg vera á hreinu. Hvað með slys á skíðum, við fjallaklifur, við keyrslu yfir hámarkshraða og/eða slæmar aðstæður nú eða við að ganga yfir svellbunka á skóm sem henta engan veginn til þess. Hvað með íþróttameiðsl? Íþróttir valda mjög mörgum slysum og endurhæfing eftir íþróttaslysum er oft löng og dýr. Samt sjást blaðagreinar um kostnað þjóðfélagsins vegna íþróttameiðsla ákaflega sjaldan en greinar um kostnað vegna offitu eru svo til daglegt brauð. Lausleg leit í Google á „íþróttameiðsl kostnaður“ skilaði 77 niðurstöðum en leit á „offita kostnaður“ skilaði 48.000 niðurstöðum

Kannski vantar okkur bara Lykla-Pétur í vinnu á sjúkrahúsið, fá alvöru fagmann í flokkunina?
Inga María Guðmundsdóttir

Opið í Blómavali
á Konudaginn
(sunnudag):
10:00-14:00

KONUDAGURINN

í Blómavali á Ísafirði



Ástareldur
999 kr
~~1.599~~



Friðarlilja
779 kr
~~979~~

f FYLGSTU MED OKKUR


blómavali



Konudags-
vöndur
4.990 kr

Kaupuki
Gloss frá Avon og
ilmvatnsprufa frá D&G
fylgir meðan birgðir
endast

AVON gloss og
ilmvatnsprufa fylgir
Konudagsblóm-
vöndinum

Gildir á meðan birgðir endast

AVON

STELLA McCARTNEY

**Ilmvatnsprufa fylgir
öllum blómvöndum**

Gildir á meðan birgðir endast

Hefur þú lent í slysi?

Ekki bera harm þinn í hljóði

TORT

INNHEIMTA SLYSABÖTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - tort.is



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Það er þetta með byggðamálin

Í viðtali vikunnar er sjálfskipaður Strandamaður af lífi og sál sem sjálfri sér og sennilega fleirum til mikillar undrunar hefur komist að því að hamingjan er víða, bæði í 101 og á Ströndum. Notaleg kjallaraíbúð í hringiðunni, með umferðargötum allt um kring, stutt í latte og leikhús hentar mörgum meðan hafið og fjöllin eru öðrum lífsnaðsyn. Að mörgu leyti búum við öll við þetta val, að velja sér búsetu þar sem okkur líður vel. En það er samt þessi mismunun sem við þurfum endalastað að berjast gegn og þessi endalastað vörn fyrir því að velja hafið og fjöllin framyfir mannfjöld og umferð.

Það er hagkvæmt fyrir þjóðarþúfið að byggja landspítala þar sem mestur fjöldinn er og gríðarlegt hagræði fyrir þá sem næst honum búa, það er sanngjarnt að bregðast við óhagræði þeirra sem fær búa og sanngjarnt að allir beri kostnað af því. Landspítali er þjóðareign, allir eiga að hafa sömu möguleika á að sækja þangað þjónustu. Sömu rök gilda fyrir alla opinbera þjónustu eins og til dæmis menntastofnanir, staðsetning þeirra þar sem flestir búa er hagkvæmt fyrir þjóðarþúfið en búa þarf þannig um hnútana að allir landsmenn geti nýtt sér þjónustuna á jafnréttisgrundvelli.

Við sem kjósum hafið og fjöllin verðum að búa við góðar samgöngur, við þurfum aðgang að vistarverum „á mölinni“ þegar við þurfum til dæmis að bíða eftir fæðingu barns, fara í krabbameinsmeðferðir eða aðra tímafreka heilbrigðisþjónustu. Við nefnilega eigum líka Landspítalann og vildum bara gjarnan fá hann vestur, myndum örugglega taka vel á móti þeim sem hingað þyrftu að sækja þjónustu. Þá myndum við fá flugvöll en ekki áhættuatriði, hugsanlega fleiri göng og þverun fjarða og jafnvel gæti þeim fjölgað sem veldu hafið og fjöllin.

Ef Gunna á Ströndum þarf bara póst einu sinni viku, af hverju þarf þá Gunna í Breiðholti póst daglega?

BS

Spurning vikunnar

Ertu hlynt/ur endurkomu hersins?
 Alls svöruðu 396.

Já, algjörlega, sögðu 191 eða 48%
Hef ekki skoðun, sögðu 36 eða 9%
Nei, af og frá, sögðu 169 eða 43%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Tilboð Óskast



Til sölu eru frístundafiskiskipin
 Bobby 12 ÍS 372 – sk.skrnr. 7605
 Bobby 14 ÍS 374 – sk.skrnr. 7607
 Bobby 16 ÍS 376 – sk.skrnr. 7609

Skipin voru byggð úr trefjaplasi árið 2007 af Seiglu ehf. á Akureyri
 Vélar eru Yanmar, afl. 85 kW

Nánari upplýsingar hjá Fasteignasölu Vestfjarða



Hafnarstræti 1 • 400 Ísafjörður
 Sími: 456-3244 • Fax: 456-4547
**FASTEIGNASALA
 VESTFJARÐA**
 s.4563244
 eignir@fsv.is
 www.fsv.is



SIT Study Abroad

School for International Training



Academic Director

The School for International Training is recruiting an Academic Director for its Iceland new semester study abroad program on Climate Change and the Arctic

The program is located in Ísafjörður but travels to Reykjavik and Greenland. The Academic Director is responsible for the academic content of the program, student safety, and general management and administration of day-to-day logistics of the program.

The candidate should have an academic background in climate change, the Arctic, earth science, environmental science or a related discipline.

To apply, please submit a Curriculum Vitae and cover letter at World Learning web site at:

<http://www.worldlearning.org/connect/employment>

before February 29th, 2016 or contact Mimi Marchev at:

Mimi.Marchev@worldlearning.org

Nýr kjarasamningur ASÍ og SA á almennum vinnumarkaði

Rafræn atkvæðagreiðsla er hafin

Hafin er sameiginleg atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins frá 21. janúar 2016 fyrir störf á almennum vinnumarkaði. Samningurinn flýttir launabreytingum til 1. janúar með umsömdum hækkunum og hækkar framlög atvinnurekenda til lífeyrissjóða frá 1. júlí 2016 og eykur lífeyrisréttindi verði samningurinn samþykktur.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn Verk Vest sem vinna eftir almennum kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ og SA.

Kjörgögn, þ.m.t. lykilorð og kynningarefni, hafa verið send út samkvæmt kjörskrá sem miðast við iðgjöld greidd vegna október 2015. Þeir félagsmenn sem telja sig eiga atkvæðisrétt en hafa ekki fengið send kjörgögn, geta snúið sér til skrifstofu Verk Vest á Ísafirði og Patreksfirði með viðeigandi gögn, t.d. launaseðil, kært sig inn á kjörskrá og greitt atkvæði.

Atkvæðagreiðslan er rafræn. Til þess að greiða atkvæði er farið inn á heimasíðu Verk Vest eða heimasíðu ASÍ, www.asi.is og smellt á „Atkvæðagreiðsla um kjarasamning 2016.“ Hafi félagsmaður ekki aðgang að net tengdri tölvu er hægt að koma á skrifstofur Verk Vest á Ísafirði og Patreksfirði og fá þar aðgang að tölvu til þess að greiða atkvæði.

Atkvæðagreiðslunni lýkur kl. 12 á hádegi 24. febrúar 2016.

Collective agreement between member organizations of ASI and SA from January 2016

To cast your vote on this collective agreement, go to www.verkvest.is or www.asi.is and click „Voting on collective agreement 2016“. Voting ends February 24th 2016 at 12:00 PM.

Główne zagadnienia umowy zbiorowej pomiędzy ASÍ i SA od stycznia 2016

W celu oddania głosu wejdź na stronę internetową www.verkvest.is i www.asi.is i naciśnij „Głosowanie na temat umowy zbiorowej 2016“ Głosowanie zakończy się 24 lutego 2016 o godzinie 12 :00 w południe.

Stjórn Verk Vest hvetur alla félagsmenn sem atkvæðisrétt eiga að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.



Hafrekið sprek á annarlegri strönd

Viðtal við Elínu Öglu Briem, sem býr í Norðurfirði á Ströndum



Elín Agla í Kolgrafarfirði, þar sem hún vill reisa torfhús.

Elín Agla ræðir köllunina að flytja í Árneshrepp, byggðarlag sem sannarlega á undir högg að sækja, með ekkert vegasamband við umheiminn hluta úr ári og drauminn um að reisa torfbæ. Hún ræðir einnig hvernig löngunin til að skilja lífið hefur drifið hana áfram og meðal annars kynnt hana fyrir Stepen Jenkinson, sem kemur við annan mann með námskeið í Árneshrepp í sumar.

Elín Agla titlar sig sem þjóðmenningarbónda og hjarta hennar brennur fyrir varðveislu þorpsmenningar og byggðinni í Árneshreppi.

Elín Agla Briem hnýtir líf sitt sannarlega ekki sömu hnútum og hver annar og er óhætt að segja að hún syndi móti straumnum á margan hátt og þá sér í lagi hvað varðar val á búsetu. Hún býr í Norðurfirði á Ströndum, ásamt dóttur sinni Jóhönnu Engilrád, í byggðarlagi sem sumir ganga svo langt að segja að muni innan tíðar líða undir lok.

Elín Agla er fædd í Reykjavík þar sem hún varði fyrstu tveimur æviárunum í Vesturbænum, en þá fluttist fjölskyldan til

Keflavíkur þar sem þau bjuggu þar til Elín var tólf ára, þá flutti fjölskyldan aftur til Reykjavíkur, þar sem hún varði unglingsár-unum í Breiðholtinu, en 18 ára fluttist hún í Þingholtin og þar sem hún hefur verið mikið síðan.

„Þingholtin eru hverfið mitt í Reykjavík, þægilega rólegt og litskrúðugt hverfi. Umferðin í ferðamannarútnum, sem eru alltof stórar fyrir þröngar göturnar og skröltið í ferðatöskunum allan sólarhringinn hefur þó breytt svolítið stemningunni síðustu árin.“

Hamingjuleit fólks þvælist fyrir að gera hlutina saman

Elín Agla var rólegt og íhugult barn og segja má að snemma hafi beygst krókurinn til þess er verða vildi því hún hafi alltaf haft sérstaka ánægju af því að vera með eldra fólki og spjalla við það.

„Það hafði djúpstæð áhrif á mig að dvelja með móðurforeldrum mínum á garðyrkjustöð þeirra í Biskupstungunum, á Syðri-Reykjum. Þar var gróskan svo mikil í hverareyknum, blómhafið og litadýrðin, ylvolgt grænmeti beint úr moldinni og villikettir sem fengu matarafanga undir

stórum grenitriám.

Þar fékk ímyndunaraflíð góða leikmynd og þessi ró og þessir dagar með afa og ömmu hafa alltaf fylgt mér. Í raun held ég að þar hafi minn lífsins draumur mótast hvað mest, að verða góð manneskja eins og þau voru, hvort með sínu lagi. Þau voru bæði svo jarðtengd og skjólgóð, eins og tré. Og í kringum þessi tré gátu fingerð blóm blómstrað og börnin leikið sér örugg. En þau voru hvorugt úr Biskupstungunum, afi minn fæddist á Skólavörðustígnum og amma á Fossá í Kjós í Hvalfirði. Þess vegna finnst mér ég á minn hátt vera að feta í fótspor þeirra með því að gróðursetja líf mitt í Árneshreppi, þar sem ég á enga forfeður né jarðnæði.

Ég viðurkenni bara þennan kannski klisjulega eða barnalega draum hér og nú: ég vildi og vil verða góð manneskja. Þetta á auðvitað enginn að segja upphátt enda er stutt í þessi almennu viðbrögð: hver heldurðu eiginlega að þú sért! Það er svo skrytið hvernig við öllum á draumum unga fólksins um að það geti allt sem það vill, séu allir vegir færir – svona í anda að allir geta orðið

forsetar Bandaríkjanna. En svo er það oft slegið niður kalt þegar fólk vill hafa áhrif á umhverfi sitt: hver heldurðu eiginlega að þú sért! Það er yfirleitt ekki sagt svo skýrum orðum en sterklega gefið í skyn. Til dæmis, þú getur ekkert breytt þessu, þetta hefur alltaf verið svona, eða: hugsaðu fyrst um sjálfan þig og hamingju þína. Þessi hamingjuleit okkar í dag þvælist svolítið fyrir í mikilvægum málum sem við þurfum að takast á við saman. Finnst mér.

Ég átti mér líka annan stóran draum eða þrá og það var að skilja allt. Ég hef aldrei almennilega vanist þessu lífi, finnst það stórmerkilegt, undarlegt, áhugavert, óvanalegt. Og við í þessu lífi hér og nú. Ég man alltaf viðbrögð þessa fullorðna einstaklings sem ég valdi að treysta fyrir þessum draumi þegar ég var barn: „mig langar að skilja allt, svona allt í einu andartaki!“ og viðbrögð þessarar fullorðnu manneskju sem sagði að það væri auðvitað ekki hægt og best væri að láta af slíkum draumórum sem fyrst. Enginn skildi lífið. Sem er auðvitað skynsamlegt og kannski alveg rétt. En þó ég hafi bagnað svolítið við þessi viðbrögð þá

hefur mér ekki enn tekist að hrista af mér þennan draum eða fullorðnast að þessu leyti.“

Heimspekinám og Búddaklaustur

Elín hóf nám til stúdentsprófs við Menntaskólann við Sund sem hún seinna meir kláraði í kvöldskóla í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

„Eftir menntaskóla fór ég í Háskóla Íslands að læra heimspeki og ég man þessa tilfinningu sem ég fékk svo oft og iðulega í tímum þar, hversu heppinn ég væri að fá að sitja þarna og hugleiða þessar spurningar. Það var erfitt að koma auga á eitthvað hagkvæmt við heimspekinámið fyrir fólkið í kringum mig, en ég hef lifað lengi á orðum Áslaugar ömmu minnar, sem lifði þá tíma sem engri venjulegri stúlku hefði nokkurn tímann dottið í hug að setjast á skólabekk að stúdera heimspeki. Ég minnst þess að sitja í eldhúsinu hjá henni að ræða námið og amma strauk mér um kollinn líkt og hún var vön og sagði „kannski þú verðir bara heimspekingur!“ Það var allt sem ég þurfti, samþykki ömmu. Ég lifi á því ennþá. En ég má auðvitað ekki kalla mig heimspeking, í fyrsta lagi þarf maður örugglega að vera með doktorspróf til þess, og ef ég gerði það þrátt fyrir það þá væri nú ekki djúpt á þessum viðbrögðum: hver heldurðu eiginlega að þú sért?“

Elín segir ábyggilega óhætt að segja að hún hafi ekki valið að fara beina braut í lífinu, enda hafi hún frá fæðingu verið laus við allan hefðbundinn veraldlegan metnað og að auki hafi hún sífellt verið að kljást við djúpstæða skilningsþrá. Hún bætir við að með lífi hennar frá unga aldri megi segja að hún hafi stundað óformlegar rannsóknir á því hvað það er að vera heima hjá sér og hvað þurfi til að staður sé heimili manns.

Eftir að hafa lokið BA prófi í heimspeki við HÍ flutti Elín til norður-Englands.

„Ég fór þangað í hálfgerð Búddaklaustur þar sem ég var að leita mér að heimspeki sem hefði meira hversdagslegt vægi, væri einhvers konar iðkun eða lífstíll. Það var heimikið nám, tibetskur búddismi er mjög heimspekilegur og mikil fræði sem þarf að stúdera. Á milli þess vann ég með munkum og leikmönnum að búa til mót og steypa stórar Búddastyttur sem voru sendar út um allan heim.“

Þessi dvöl mín endaði þegar ég varð ástfangin af munk og hann af mér og við stungum af. Ég bjó svo með honum í Englandi í nokkur ár og við seldum ensk vintage herraföt á netinu. Það var margt gott við að búa í Englandi og ég eignaðist marga góða og trausta vini og góða tengdafjölskyldu. Ég var þó aldrei alveg



Mæðgurnar við Finnbogastaðaskóla þar sem Jóhanna Engilráð fæddist og er nú í fyrsta bekk. Óvíst er hvort það verði rekinn skóli næsta vetur. Þá myndi ljúka merkilegri sögu skólalahalds Árneshreppi og ekki hjartar framtíðarhorfur fyrir sveitarfélagið. Vestíð sem Elín Agla klæðist er gert af Daniel Stermac-Stein.

heima hjá mér og eitt kvöldið þegar ég sat við sjónvarpið og horfði á náttúrulífsmýnd með David Attenborough segja frá mörgæsum á Suðurskautslandinu blossaði upp þessi heimþrá, þegar ég horfði á mörgæsirnar hírast þarna í svörtum skafrenningi, við það bókstaflega að deyjja úr kulda, þá langaði mig bara heim. Finna rokið og kuldann og helst skafrenning og ófærð. Svona er það í mergnum á mér, að vera fædd af norðrinu.“

Boðið í eigin brúðkaupsveislu

„Stuttu eftir þessa uppljómun, það er að segja þegar ég horfðist í augu við að þó mér liði vel á Englandi og ætti gott fólk í kringum mig, þá væri ég ekki heima hjá mér, varð ég ástfangin af afar íslenskum manni – sem mótaði þessar fögru setningar á móðurmálinu og var fullur af eldmóði norðursins. Ég þakka honum enn fyrir að kalla mig heim og mun alltaf gera. Og hann kallaði mig ekki bara heim til Íslands heldur bauð mér í framhaldi alla leið norður í Trékyllisvík til að gifta okkur. Þangað hafði ég aldrei komið en það hljómaði bara svo vel að mér fannst ekkert erfitt að ákveða að fara þangað í byrjun apríl, þar sem ég þekkti engan, til að gifta mig.

Það var engum boðið í brúðkaupið nema svaramönnum, átti ekki að vera nein veisla. En þegar

það spurðist út í sveitinni að við værum að koma þá fannst konunum þar alveg ótækt að slá ekki upp veislu svo mér var eiginlega boðið í mína eigin brúðkaupsveislu með fólki sem ég hafði aldrei hitt. Eftir á að hyggja hefur mér stundum dottið í hug að ég hafi eiginlega verið gift heilu sveitarfélagi að mér forspurðri þarna 5. apríl 2007. Eins og ég hafi verið boðin velkomin inn í ættbálkinn sem þarna býr enn.

Seinna það sumar var auglýst eftir skólastjóra í Finnbogastaðaskóla og ég sótti um, án reynslu eða menntunar, en enginn annar hafði áhuga á því, þetta mikla uppsveifluár, svo ég fékk starfið. Við bjuggum svo í skólanum næstu þrjú ár þar sem ég kenndi. Fyrstu tvö árin voru bara tveir nemendur í öllum skólanum



Á flugvellinum í Gjögri, sem er eina færa leiðin úr hreppnum frá janúar og fram í mars ár hvert. Mynd: Davíð Már Bjarnason.

en á þriðja ári bættist við einn nemandi. 2009 fæddist okkur svo stúlka, Jóhanna Engilráð, sem er nú í fyrsta bekk í Finnbogastaðaskóla ásamt fjórum öðrum nemendum.

Þessi ár kynntist ég fólkinu í sveitinni vel og fann mig heima. Ég velti því oft fyrir mér hvers vegna ég sé hér, nokkurs konar hafrekið sprek á annarlegri strönd. Ég á ekkert einfalt svar við því. Það var kannski rómantik sem dró mig hingað í mína fyrstu ferð en búseta mín hérna núna er ekkert tengd rómantik. Það tekur alveg í stundum að búa á stað þar sem eyðing byggðar er stöðugt yfirvofandi. Það er eiginlega ljúfsárt að því leyti að ég þakka mínum sæla á hverjum degi að fá að vera hér, í þessari yfirþyrmandi fegurð og sögu sem býr í hverjum steini, en líka að fá að taka þátt í samfélagi þar sem þorpsvitund er ríkjandi. Það er ekkert sérstaklega rómantískt við það heldur, þorpsvitund og líf er ekki dans á rósum alltaf og allir að faðmast, þar sem enginn ágreiningur eða skiptar skoðanir eru. En það er eitthvað svo dýrmætt, svo ævafornt, að búa með fólki þar sem meðvitund um að við getum ekki án hvors annars verið er svona augljós, við getum ekki verið hér áfram bókstaflega án hins. Nú er að fækka í sveitinni í haust, tvö börn af fimm úr skólanum eru að flytja á brott og þá er ekki víst hvort skóli verði starfræktur hér næsta haust. Og það er auðvitað deginum ljósara að þar sem ekki er grunnskóli þar eru ekki mörg ár eftir. Samt höldum við bara áfram, svona eins og Beckett sagði: ég get ekki haldið áfram, ég held áfram! Þannig er þetta samfélag, það bara heldur áfram án vonar, án rómantikur.“

Malbik drepur ekki byggðir

„Það er sárt að horfa yfir sviðið, að sjá hvernig þessar smærri byggðir, jaðarbyggðirnar eru að hverfa og ég er algerlega mótfallin þeirri skýringu að þetta sé nánast náttúruleg málmál. Að svona byggðir beri sig bara ekki og svo er stundum nýtt við að það þurfi bara að malbika og þá flytji allir burt. Síðasta sumar var fyrsta malbikið lagt í Árneshreppi. Samtals um 3 km í



Elín með afa sínum Stefáni Árnasyni.

fjórum bútum. Og nú er byggðin að leggjast af á næstu misserum ef ekkert breytist og ef einhver vogar sér að draga þúsund ára byggðasögu Árneshrepps saman og endalok hans með þessari skýringu, að það hafi verið malbikið sem fékk fólkið til að flýja suður, þá er mér að mæta.“

Elín Agla segir að allar götur síðan hún kynntist Árneshreppi hafi hún haft gríðarlegan áhuga á málstað hans, sem málefnum smærri byggða og því hvaða menningarstraumar og gildismat eru að baki fólksfækkun og eyðingu byggða.

„Í mínum augum er þetta menningarlegt, það eru ákveðin gildi og hvað gert er við sameiginlega fjármuni okkar sem eru þar helsta ástæðan. Það er samt ekki þannig að við skiptumst í lið, þeir fyrir utan – oftast sunnan – eru vondir, og þeir sem eru á svona stöðum eru góðir. Þessi menning lifir líka hér innan girðingar ef svo má segja.

Að hluta til er þetta hin ríkjandi hagkvæmniskrafa sem gerir allt smátt óhagkvæmt og í raun til trafala. Hver vill setja einhverjar milljónir í að auka vegapjónustu í Árneshrepp. Hér eru rétt tæplega fjörutíu manns með heilsársbúsetu. Á að setja pening í það? En ef við segjum að hingað komi einhver hundruð ferðamanna, eða þúsundir, á þá að setja pening í það? Er það fjöldinn, eða hver það er sem er að ferðast, eða hvað á að ráða slíku?

Það hefur verið barist fyrir bættum samgöngum hingað í fjölda ára, stundum verið kveðið mjög fast að orði og hreinlega sagt að ef ekkert verði að gert muni byggð leggjast hér af í kjölfarið. Samt er ekkert gert. Það er auðvitað erfitt að horfast í augu við það.

Það er partur af innansveitar-menningunni að ekki er mokað fyrir skólabörn til að komast í skólann. Það er á vegum sveitarfélagsins en ekki vegagerðarinnar að sjá til þess að börn komist í skóla. Það er eitt barn í skólanum núna sem þarf að keyra einhvern

spotta til að komast í skólann og það er dóttir mín, Jóhanna Engilráð. Það er erfitt fyrir mig að óska eftir mokstri sveitarfélagsins fyrir eitt barn. Og ég geri það ekki. Nágranni minn á Steinstúni hefur hjálpað okkur að komast ef þarf. En ég segi þetta til að benda á að staðan er ekki svarthvít, það eru ekki góðir og vondir karlar í þessu máli, allavega ekki bara. Það eru líka nokkrir gráir og svo liðhlaupar í báðum fylkingum. Hér ríkir engin gullaldarmenning.“

Óbærilega sorglegt að sjá hvernig komið er fyrir okkur

„Það var til dæmis samþykkt á Alþingi fyrir 13 árum síðan að fara í sértækar aðgerðir hér, hálf-gert tilraunaverkferni til að styrkja byggðina, og röksemdirnar sem þar voru týndar til alveg sérstaklega góðar. Þar var til dæmis sagt að það skipti máli fyrir þjóðina að viðhalda byggð hér, það væri hér menningarsaga svo sérstök að mikill missir væri að því að viðhalda henni ekki. Allir þingmenn þessa tíma samþykktu þessa tillögu og svo voru unnar praktískar tillögur í góðri nefnd sem lagðar voru fram sem raunhæfar aðgerðir í framhaldinu. En þegar til kom að fá í gegn þær aðgerðir hjá viðkomandi stofnunum þá neituðu ráðamenn þar að framkvæma þær. Þannig varð svo sorglega augljós þessi kerfislægi móþrói gegn því að bæta þjónustu og aðstæður hér. Og þó ég segi kerfislegur hér þá á ég við að það er menningarlegur móþrói gegn því að hlúa að hinu smáa og sérstaka. Og mér finnst það nánast óbærilega sorglegt að svo sé komið fyrir okkur sem þjóð. En það er ekkert bara hjá okkur, svona er þetta um allan hinn vestræna heim. Og þessi vestræna menningarjarðýta hefur farið svona yfir stóran part heimsins og sést hvað best þegar við horfumst í augu við örlög frumbyggja sem eiga alls staðar í vök að verjast. Við kaupum okkur svo ferðir á fjarlægja staði til að upplifa „ekta menningu“

eða fáum einhverja gúrú í heim-sókn til að kenna okkur að herma eftir þeirra menningararfi. En við eigum bágt með að sjá hver er arfleidd okkar í túnfætinum heima. Enda er það orðið sjaldgæft, að eiga túnfót heima!“

Lagði sjálfa sig og dótturina á vogaskálarnar

„Eftir skilnað árið 2010 fluttum við aftur suður með eins árs gamla dóttur okkar. Ég fór þá í nám í umhverfis- og auðlindafræði til að reyna að átta mig á þessu sjálfbærnihugtaki, sérstaklega félagslegri sjálfbærni og hvernig hún gæti átt við í málefnum Árneshrepps og hvort hægt væri að styðjast við hana til að fá í gegn einhverjar aðgerðir sem stutt gætu við þessa viðkvæmu byggð á viðsjárverðum tímum. Þar kynntist ég svo hugtakinu um menningarlega sjálfbærni og byrjaði á rannsókn minni um hvað væri menningarleg sjálfbærni í Árneshreppi og hvernig og hvort hægt væri að efla hana

barnsföður hennar. Hún segist strax hafa bundist Stóru-Ávík sérstökum böndum.

„Það var Guðmundur sem lagði fyrir mig örlögin á brúðkaupsdaginn minn. Ég var að hitta hann þá í fyrsta sinn og hann sagði við mig svellkaldur: Svo komið þið hingað Elín mín, þú tekur við skólanum, þið eignist börn og svo getið þið búið í Stóru-Ávík. Þetta hefur nú allt gengið eftir. En Guðmundur dó langt fyrir aldur fram árið 2009, örfáum vikum áður en dóttir mín fæddist.

Húsið í Stóru-Ávík er ekki nógu gott fyrir vetrarsetu svo við fluttum okkur um set yfir vikina í húsnæði í Norðurfirði. Þar erum við enn og fer vel um okkur, enda eigum við sérlega góða nágranna þar.“

Elín segist hafa heyrt af forvitni fólks um þennan búskap þeirra í Stóru-Ávík í gegnum sveitunga sína og það hafði farið svo að hún hafi hvorki haft tíma né næði til að skrifa meistararitgerðina.



Heimilið í miðbænum, Kaupfélagshúsið í Norðurfirði.

Draumurinn að reisa torfbæ á stað þar sem enn er pláss fyrir sögustundir

„Núna eru að verða komin fimm ár af búsetu í Árneshreppi með örlitlu hléi í miðjunni. Draumur minn er að reisa hér torfbæ og vera með lítið bú, það er í raun niðurstaða númer tvö í þessari eilífðar rannsókn minni á menningunni hér. Þessi torfbær yrði þá þjóðmenningarbú, og partur af þeim búskap er að bjóða fólki heim sem vill fluga þessi mál, ræða og iðka saman þennan hversdagsleika og sögu sem hér enn lifir, því hér er vissulega óslitinn menningarættleggur sem er ekki falinn í hinu sérstaka eða dreginn fram á tyllidögum, hann er hér einmitt í hversdagsleikanum og þessari ljúfsáru staðreynd að við erum hér enn, en kannski bara síðustu daga byggðarinnar.“

Elín Agla hefur nýfengið réttindi sem löggiltur vigtarmaður sem hún segir falla vel að starfslýsingu þjóðmenningarbónða.

„Það er mikill heiður fyrir mig að fá að taka við löndunarstarfinu hér af aldursforseta okkar, Gunnsteini Gíslasyni. Ég verð því á bryggjunni í sumar að landa og vonandi hlusta á sögur og kannski segja einhverjar. Lífið er auðvitað bara saga og sögur sem við deilum og hér er nefnilega enn pláss fyrir sögustundir, hvort sem maður er í kaupfélaginu, í saumaklúbbi eða bara á förnunum vegi. Fólk í Árneshreppi hefur enn tíma til að segja sögur og það eru alger forréttindi á að fá að kynna því hér. Þannig hef ég

kynnst ófáum forfeðrum fólksins hérna sem ég hef aldrei hitt sjálf, og þannig verður líka til pláss fyrir sögur af mínum forfeðrum. Þau fá líka stað hérna og pláss með mér og Jóhönnu Engilræð.“

Í námi hjá Stephen Jenkinson

„Þegar ég bjó í Reykjavík árið 2010, og var að garfast í meistara-verkefni mínu um Árneshrepp, rakst ég iðulega á þennan vegg: hvernig getur maður talað af einhverju viti um það sem er að gerast í Árneshreppi án þess að það hljómi bara eins og þessi eilífa barátta fyrir bættum samgöngum. Hvers vegna getum við ekki talað um þetta hreint og beint, í takt við þær tilfinningar sem bærast í brjóstinu um hvað er í húfi við að missa þessa byggð. Því ég sé að þessi staða snertir við fólki, stjórnmálamönnum sem og leikmönnum. Fólk almennt virðist alls ekki vilja að byggð leggist hér af, en einhvern veginn eigum við erfitt með að koma orðum að því og hvaða þýðingu það hefur fyrir okkur.


Þá rakst ég á fyrirlestur með Stephen Jenkinson á netinu og einhvern veginn fannst mér hann vera að tala um þessi málefni, þó auðvitað minntist hann ekki einu orði á Ísland eða Árneshrepp. En það var einhver þráður og tónn sem kveikti von hjá mér um að hann hefði kannski orðtakið, hugsunina, sem ég væri alltaf að leita eftir. Jafnvel þó það væri á ensku.“

Elín Agla lagðist þá yfir að skoða ofan í kjólinn fræði Jenkinson og meðal þess sem hún

komst að var að hann rekur skóla í kringum lífsspeki sína á sveitabæ sínum í Kanada. Skólann kallar hann Orphan Wisdom School sem kalla mætti á íslensku nám í visku hinna munaðarlausu.

„Ég sendi honum langt bréf þar sem ég sagði honum frá Árneshreppi og stöðunni hér og hvort það sem hann fjallaði um í skólanum gæti gagnast mér í þeirri vinnu. Hann svaraði um hæl og sagðist ekki tala um mikilvæg mál í tölvupósti en hvatti mig til að koma í skólann. Ég fór í fyrstu lotuna í apríl 2010 og kláraði svo þetta tveggja ára nám síðasta haust. Það voru sem sagt tvær viku lotur á ári í 2 ár sem þetta nám tekur en hann býður líka upp á framhaldsnám sem ég hef núna í aprílmánuði.

Það er ekki auðvelt að draga saman hvað við stúderum í þessum skóla, en bækurnar sem við höfum lesið er til dæmis Bjólfskviða, Gilgamesarkviða og söguleg skáldsaga um hungursneyðina á Írlandi og þjóðflutninga þeirra vestur um haf um miðja 19. öldina.



Stephen Jenkinson, hinn mikli hugsuður og lærifaðir Elínar Öglu er væntanlegur með námskeið í Árneshrepp í sumar við annan mann.

Þetta er því nám sem er byggt á sögu okkar á Vesturlöndum en tilgangurinn er að fá betri innsýn í þá menningarstrauma sem nú flæða um okkar part af heiminum þar sem einmitt hið smáa og hið sérstaka er í algeru hruni – á mörkum algerrar eyðingar.

Stephen Jenkinson er mjög frumlegur hugsuður og iðkandi þessa rötfasta lífs þar sem rektað er minni þess hvaðan við komum,



Höfnin í Norðurfirði þar sem Elín Agla ætlar að verja drjúgum tíma í sumar.

með einhverjum hætti. Fyrsta niðurstaða þeirrar rannsóknar var í raun ósköp einföld og sjálfsögð. Að flytja aftur í Árneshrepp því það sem vantar hér fyrst og fremst er fólk. Ég hafði þar sjálfa mig og dóttur mína til að leggja á vogarskálarnar.“

Elín Agla segir það ekki hafa verið fórn á nokkurn hátt, frekar ástríða. Hún segir það þó ekki alveg sjálfgefið að taka upp á því að flytja norður í Árneshrepp, einstæð móðir, jarðnæðislaus og atvinnulaus.

„Hverjum dettur slíkt í hug? En hér vil ég búa, hér á ég heima, það tók mig bara nokkur ár að horfast í augu við það og viðurkenna. Mér er eðlilegast að kalla það örlög. Það eru örlög mín að eiga heima á þessum stað, – og geta ekkert annað.“

Starfandi

þjóðmenningarbóndi

Mæðgurnar fluttu í Stóru-Ávík, sumarið 2014. Síðasti bóndinn þar, Guðmundur Jónsson, var mikill vinur Elínar Öglu og fóstri og svaramaður

„Ég átti auðvitað ekki landið þar né nokkur húsdýr, samt fannst mér ég vera að gera eitthvað – vera að yrkja eitthvað. Þegar ein vinkona mín hér spurði mig hreint út hvað hún ætti að segja við þessum spurningum lagði ég höfuðið í bleyti og sagði henni að hún gæti sagt að ég væri þjóðmenningarbóndi og Stóra-Ávík þjóðmenningarbúli og ég stend við þetta enn þó við höfum flutt okkur yfir í „miðbæinn“ í Norðurfirði.

Hluti af því að vera þjóðmenningarbóndi er að vera ekki alveg viss um hvað það er og samt að glíma við þá gátu í hversdeginum. Þannig að núna ef ég fæ þessi viðbrögð: hver heldurðu eiginlega að þú sért? Þá er þetta svar mitt og ég stend við það keik: ég er þjóðmenningarbóndi, punktur. Og þar sem ég er ekki á launum hjá neinum, þá á enginn í raun þá kröfu á mig að ég gefi skilmerkilega lýsingu á því í hverju það felst. En ef einhver hefur áhuga á að ræða það sérstaklega þá er sá hinn sami velkominn í kaffi hingað í Norðurfjörð.“



Stóra-Ávík.



Útsýnið út um stofuglugga Elínar Öglu er ekki af lakari endanum.

á hverju við lifum, og að muna helgi hins smáa, hins hversdagslega og samfélags okkar við dýr, menn og náttúru.“

Draumur um námskeið verður að veruleika

Elín Agla segist hafa alið með sér þann draum er hún hóf nám hjá Jenkinson að hann myndi koma í Árneshrepp einn daginn. En hann ferðast um allan heim og kennir. Nú er það svo að hann er á leiðinni í sumar, ásamt Daniel Stermac-Stein, lærlingi hans sem sér um búskapinn í Kanada á meðan Stephen ferðast um og kennir.

„Daniel hefur sérhæft sig í náttúrulegri sítun þar sem engin kemísk efni er notuð og að sauma úr skinnnum. Ég á einmitt eitt gærvesti sem hann sutaði og saumaði í höndunum. Þeir koma hingað á sólstöðum og það verður boðið upp á fjögurra daga námskeið með þeim. Það má segja að það sé tvíþætt, eins og tveir hestar, sem á vel við því hér í Árneshreppi eru nýkomnir tveir hestar, og eru þeir einu hestarnir í öllu sveitarfélaginu. En sumsé, annar hesturinn er að vinna með höndunum, að læra að síta gærur, kannski hreindýrsskinn og refaskinn, og hinn hesturinn er að vinna með hjartanu, að horfast í augu við það að hið smáa er að

deyja út í samtíma okkar, þessi ævafora þorpsvitund sem hefur haldið í okkur lífinu í rúm þúsund ár og auðvitað miklu lengur en það. Þessi þorpsvitund er í útrýmingarhættu á Vesturlöndum. Ekki hvað síst á stöðum þar sem iðnaðarferðamennska er stunduð.

Við munum vinna saman að því að muna, eða rifja upp, hvað fólst í þessari vestrænu þorpsvitund, eða þorpslífi. Það minni verður byggt á sögu og staðreyndum, ekki tilgátum um hamingjuna. Við skoðum hvernig við getum núna skapað og iðkað þannig menningu og hvernig við getum tekið upp þann þráð, jafnvel í þeim aðstæðum sem við nú stöndum frammi fyrir, í Árneshreppi, en líka annars staðar, hér á landi sem og í öðrum löndum.“

Elín Agla skipulagði heimsókn Stephen og konu hans hingað til lands í desember síðastliðnum. Þá var sýnd heimildamyndin Griefwalker um störf hans sem líknarráðgjafi og hann svaraði svo spurningum á eftir og talaði. Viðburðurinn tókst afbragðsvel og var húsfyllir í Tjarnarbíói. Stephen starfar ekki lengur sem líknarráðgjafi en byggir margt á því sem hann fjallar um á því sem hann lærði í því starfi, sérstaklega vestræna dauðafóbíu og áhrif hennar á umhverfi okkar og líf.

„Margir hafa sóst eftir kennslu hans og bókum vegna dauða ástvinar eða síns eigin yfirvofandi dauða. Það var ekki þess vegna sem ég fór í skólann hans úti, heldur yfirvofandi dauða heils samfélags. Og þar hef ég í raun lært mest um hvernig ég get komið orðum að því sem hér á sér stað og hvað er í húfi. Með því að búa hérna núna, einmitt á þessum viðsjárverðum tímum, er ég ekki bara að uppfylla minn lífsdraum, heldur er ég líka að vinna að því að vera vitni um hvað á sér stað hér, og verð þá kannski reiðubúin ef svo ólíklega vildi til að ungt fólk framtíðarinnar vilji grafast fyrir um það, þá get ég borið vitni um þá sögu og þar verður ekki talað um malbikið sem áhrifavald.“

Engar heilagar kýr

„Mér finnst mikilvægt að við hættum að upphelja menningu, sérstaklega framandi menningu eða tyllidaga menningu. Sumum finnst ég vera með rembing gagnvart Árneshreppi, að vegna þess að ég elska hann og vil veg hans sem mestan um alla framtíð, þá sé ég þar með að segja að hann sé betri en aðrir staðir. Og stundum heyrir maður þetta í fólki sem vill berjast fyrir að „vernda“ samfélagið hérna, eins og að fólkið hér séu helgar kýr. En það er auðvitað alls ekki þannig. Við erum ósköp venjuleg, stundum breysk og ósamlynd, og sérlunduð, rétt eins og aðrir.“

Það er til dæmis ekki einhugur um það í þessu litla samfélagi hvort eigi að krefjast bætttra samgangna, það skiptist nánast í tvö lið þar um. Sumum finnst okkur við ekki eiga að fara fram á slíkt á meðan öðrum finnst það forsenda byggðar hér til framtíðar og réttlætismál. Ég hef heyrt sögu af því að á einum af framboðsfundum sínum hafi Steingrímur Hermannsson sagt að þjóðfélagið væri nú betra ef fleiri væru eins og Árneshrepps-búar, sem aldrei krefðust neins!

En í sambandi við rembinginn, þá finnst mér allt í lagi að elska einn án þess að það þýði að halli á einhver annan. Og stundum þarf þessi stuðning, og stundum hinn. Það er vinsæl sú kenning að við séum í raun hvernig við komum fram við okkar minnsta bróður. Árneshreppur er að mörgu leyti minnsti bróðirinn, eða systirinn. Og hér eru engar heilagar kýr, hér eru í reynd engar kýr, punktur – og enginn golfvöllur heldur ef út í það er farið!“

Iðkun menningar í hversdagsleika sínum

Elín Agla segir námskeiðið The skin of the world fyrir alls konar fólk. Fyrir þá sem hafa áhuga á Árneshreppi sérstaklega, eða málefnum jaðarbyggða, fyrir þá sem vilja iðka þorpsvitund

hvar svo sem þeir búa, og fyrir þá sem vilja læra að síta með náttúrulegum aðferðum.

„Allir koma saman hér í þessari ógurlega fegurð innan um fjöllin, á ströndinni, með þessu fólki hér sem eru ennþá fulltrúar þessarar þorpsmenningar sem ég held að sé það eina sem geti snúið menningu heimsins af leið þeirrar tortímingar lífsins sem hún er á. Þessi þorpsmenning er ekki bundin við Árneshrepp, hún er lífstíll eða iðkun menningar sem forfeður okkar lifðu í hversdagsleika sínum.“

Þetta er í mínum huga lifandi þjóðmenning. Þjóð stendur fyrir forfeður og þá sem á eftir koma. Því við erum ekki ein þjóðin, sem göngum um núna. Þjóð er svo miklu stærra en það og nær í allar áttir í tíma.“

Elín segir enga tilviljun að Stephen velji að halda þetta námskeið í Árneshreppi. Þar sjáist svo greinilega áhrif þess sem hann fjallar um, hrun hins sérstaka eða staðbundinnar menningar og svo

afleiðingar þess. En þar séu líka tækifærin til að muna hvað gerir þorp að þorpi og hvernig hægt er að endurvekja þá menningu og hvernig má vinna saman að því í þeim aðstæðum sem ríkja núna.

Elín Agla segir Árneshrepp hafa gefið henni pláss og tækifæri til að iðka svona menningarvefnad, þar sem hún þræðir líf þeirra Jóhönnu Engilráðar saman við Árneshrepp og söguna þar, á stað þar sem hún heyri enduróm þorpslífsins, með sínum kostum og göllum, sem ríkt hefur um aldir alda.

Fyrir þá sem áhuga hafa á námskeiði Stephen Jenkinson í sumar, má nálgast frekari upplýsingar inn á Fésbókavíðburðinum, The skin of the world – Árneshreppur Iceland sem og inn á www.arneshreppur.is. Einnig má kynna sér störf Stephen betur á www.orphanwisdom.com.

annska@bb.is

Almennt útboð

Fjarðarstræti 2-6.

Endurbætur innan- og utanhúss

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf, fyrir hönd verkkaupa óskar eftir tilboðum í endurbætur innan- og utanhúss á Fjarðarstræti 2-6, Ísafirði.

Verkkaupar: Húsfélagið Fjarðarstræti 2-4.

Húsfélagið Fjarðarstræti 6.

Helstu verkþættir eru múrvíðgerðir, háprýstiþvottur og málun utanhúss, endurnýjun þakklæðningar og endurbætur á stigagöngum innanhúss.

Helstu magntölur eru:

- Endurnýjun þakklæðningar 520 m².
- Málun innanhúss 580 m².
- Málun gluggakarma innanhúss 165 m.
- Gólfefni á stiga og stigagang 148 m².
- Eldvarnarhurðir á stigagöngum 37 stk.
- Háprýstiþvottur 1550 m².
- Málun utanhúss 1550 m².
- Málun gluggakarma utanhúss 2050 m.

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. september 2016.

Útboðsgögn verða afhent hjá Tækniþjónustu Vestfjarða, Aðalstræti 26, 2. hæð frá og með 18. febrúar n.k.

Tilboðin verða opnuð hjá Tækniþjónustu Vestfjarða, Aðalstræti 26, 2. Hæð, föstudaginn 4. mars n.k. kl: 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



FJARÐANET ÓSKAR AÐ RÁÐA STARFSMANN Á ÍSAFIRÐI

Óskum eftir að ráða starfsmann í skoðun á björgunarbúnaði. Við leitum að sjálfstæðum, jákvæðum og þjónustulíprum einstaklingi (karli eða konu) í krefjandi starfi. Um framtíðarstarf er að ræða.

Að lokinni starfsþjálfun fer starfsmaðurinn á námskeið m.a. í Danmörku.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Nánari upplýsingar veita **Snorri**, í síma 856 0832, eða **Þorsteinn** í síma 856 0836, eða í tölvupósti steini@fjardanet.is

FJARÐANET



Sportið í beinni...

fimmtudagur 18. febrúar
 17:55 Midtjylland - Man Ut
 20:00 Sp Praha - Krasnodar
 20:00 Augsburg - Liverpool
 20:00 Shakhtar Donetsk - Sch

(Opin dagskrá)

22:00 Golf - PGA Tour
föstudagur 19. febrúar
 19:00 KR - Keflavík

19:40 Bologna - Juventus
 22:00 Dominos körfubolta
 22:00 Golf - PGA Tour
 00:30 Okl City Th - Ind Pacers

laugardagur 20. febrúar
 12:40 Arsenal - Hull City
 14:30 B Munchen - Darmstadt
 14:50 Reading - WBA/Peterb
 14:50 Watford - Leeds
 16:55 Verona - Chievo
 17:10 Las Palmas - Barcelona
 17:10 Bournemouth - Everton
 18:00 Golf - PGA Tour

sunnudagur 21. febrúar
 13:50 Blackb - Liverpool/W Ham
 13:55 Veszprém - Zagreb
 14:30 B Leverk - Bor Dortmund
 14:50 Tottenham - Crystal Pal
 14:55 Malaga - Real Madrid
 15:50 Chelsea - Man City
 15:55 Barcelona - Pick Szeged
 18:00 Golf - PGA Tour
 19:40 Roma - Palermo
 03:00 Cowboy vs. Means

mánudagur 22. febrúar
 19:55 Napoli - AC Milan
þriðjudagur 23. febrúar
 19:30 Juventus - B Munchen
 19:30 Arsenal - Barcelona

21:45 Meistarad - Meistaram
miðvikudagur 24. febrúar
 19:30 PSV Eindh - Atl Madrid
 19:30 Dyn Kiev - Man City
 21:45 Meistarad - Meistaram
 (Opin dagskrá)

Dagar Íslands

18. febrúar 1910:
 Tuttugu manns fórust í snjóflóði í Hnífsdal.

19. febrúar 1976:
 Ísland sleit stjórnmálasambandi við Bretland vegna deilunnar um fiskveiðilögsögu Íslands.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Suðvestan 8-15 m/s og éljagangur en hvassari suðaustanátt og slydda astantil fram eftir degi. Frost 0 til 10 stig.

Á laugardag:

Norðaustan hvassviðri og snjócoma NV-til annars hægari breytileg átt og létt-skýjað. Kalt í veðri.

Á sunnudag og mánudag:

Útlit fyrir ákveðna norðanátt með snjókomu eða éljum, en úrkomulítið S-til. Vægt frost.

Krossgátan

				STARF	UPPNÁM	GÓL		ESPA	ÁTT	STAÐAL-GILDI
	LITUR									
	RJÚKA					SÍÐAN				
							HNUPLA			
	DÝRKA								TVEIR EINS	
LYKTA								Í RÖÐ		
FUGL								NÚMER TÓNVERKS		
	↓	LÁGFIDLA	SARG			SKAUT				BETRUN
			Á FÆTI			YNDIS				
BUGÐA						NEÐAN				FYRIR-BOÐI
						SJÁÐU				
SÍKI						SNÁFA				
						HJARTA-ÁFALL				
HOL-SKRÚFA			ÍLÁTA					BEKKUR		
			TUSKA					BÆTA VIÐ		
TÍMABIL				TOLLA					TVEIR	
				RUSL					KÖTTUR	
FRJÁLSA						ÓREGLA				TALA
						FISKA				
		BRENNA					VANGI			
		UPPHEFÐ					UPP-HRÓPUN			
HÆRRA						PUS				KEPPNI
						KVK. NAFN				
TVEIR EINS			PYTTLA					ANGAN		
			SKILABOÐ					KAUP-STAÐUR		
BLAÐUR				SPJALL					TVEIR EINS	
				MÖNDULL					ÁTT	
UTANMÁL							BEIÐNIR			
SKISSA							LAND			

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
 Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
 Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf

Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN

Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Lausn á síðustu krossgátu

		HAFER	ÖMSTEINN	SILL		SKYLDIR	MINNKA	SKITUR		
	JAGAST	S	T	A	G	A	S	T		
	HÁTÍÐ	J	Ó	L	TUNNA EFNI	Á	M	A		
	NÚMER TÖNVERKS	Ó	P	U	S	RÁS LANGAN	Æ	Ð		
	DEYJA GLUNDUR	F	A	R	A	S	T	ÚTLIMUR		
	↓	BLEYTU- KRAP	FUGL HLJÓTA	G	Æ	S	LÓUPRÆLL HLÍFA	T Í T A		
HEIMA- SÍDA	V	E	F	U	R	SEINNA EINATT	S	Í Ð A R		
SKÁL	Í	L	Á	T	RJÓFA ÁNA	O	P	N A R Í K I M		
TVEIR EINS	G	G	HANGA ATORKA	L	A	F	A	TALA MARG- KONAR	N Í U	
Í VIBBÖT	A	U	K	FLOKI BOKKA	S	T	R	Y TVEIR EINS SVÖRÐUR	R R	
FUGL	H	R	A	F	N	FORMÓÐIR NUDDA	A	M M A BOLA		
	N	ÁRTLUN SKRIFA	P	L	A	N	ÁRÁS FRÉGG	S Ó K N		
EGNA	E	S	P	A	BRODDUR GJALD- MIDILL	Ú	F	U R AUSTUR- ÁLFA		
TVEIR EINS	T	T	NAUMUR SKILABÖÐ	S	P	A	R	MISSIR	TVIHLJÓÐI KRAFFUR	A U
MÓÐINS	T	Í	S	K	U	STRITA	A	T A S T		
ANGAN	I	L	M	A	N	GLÆPA- FÉLAG	M	A F Í A		
ÖÐAGÖT	R	A	S	REKJA BOLTA	D	R	I	P L A		

Sudoku prautilir

5		7	4	9	8			
6					5	9		8
2				1	6		5	
8	5	1	9				4	
			6	5	1		9	7
7		9			3			2
	4	5	3		2			
	7	2	1			6		5
	8	6			9	1		

						7	4	5
2	8		5	4	6	3		
1		4						7
				8				
3			6	2				5
							2	3
8	4	1			5			
6					9		8	



Kristín á verðlaunapalli í Malmö. Mynd af Fésbókarsíðu sundkonunnar.

Kristín setur nýtt heimsmet og tvö Evrópumet í Malmö

smáar

Atvinna óskast. Er með meira-
prófsréttindi (vörubíl, rúta,
leigubifreið) og vinnuvéla-
réttindi. Smábataréttindi fyrir
12 m. Ymis önnur vinna kemur
til greina og meðmæli ef óskað
er. Upplýsingar í síma 895 4115.

Sundkonan Kristín Þorsteinsdóttir keppti um helgina á Malmö Open í Svíþjóð. Sigurganga sundkonunnar heldur enn áfram og bætti hún sig í öllum þremur greinum sem hún tók þátt í. Gerði hún sér lítið fyrir og setti nýtt heimsmet í 25m skriðsundi í gær, er hún synti það á tímanum 17:20 en skráð heimsmet var 17:37. Á laugardag keppti Kristín í 50m skriðsundi og

25m baksundi og bætti hún sín eigin Evrópumet frá því í haust í báðum greinum. Skriðsundið fór hún á 36,84 átti 37,39 og baksundið fór hún á 22,04 átti 22,96. Kristín keppti á mótinu undir merkjum Fjarðar í Hafnarfirði og gerðu þau sér lítið fyrir og unnu mótsbikarinn sem stíghæsta keppnisliðið á Malmö Open. *annska@bb.is*

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

OG

JARÐAR

Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

TAKTU FLUGIÐ UM PÁSKANA



GILDIR Á ALLA ÁFANGASTAÐI INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

25%

AF NETVERÐUM
OG FERÐASÆTUM

SLÁÐU INN
FLUGSLÁTTINN
PASKAR
VIÐ BÓKUN



BÓKANLEGT: FRÁ KL. 10:00 17. FEBRÚAR TIL MIÐNÆTTIS 18. FEBRÚAR
FERÐATÍMABIL: 17. MARS – 4. APRÍL

SMELLTU ÞÉR Á
FLUGFELAG.IS

- Ef bókað er með Flugslætti og bókun breytt, þarf að greiða mismun og breytingagjald upp í annað fargjald án afsláttar.
- Ekki er hægt að bæta Flugslætti við bókun sem þegar hefur verið gerð.
- Aðeins er hægt að hafa einn Flugslátt í hverri bókun.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS